

Miðvikudaginn 23. mars 1994.

Nr. 128/1994.

**Ákærvaldið**

gegn

**Ólafi Gunnarssyni**

(Jón Magnússon hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ákærði skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. mars 1994, sem barst Hæstarétti 16. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekkkt og gæsluvarðhald hans úr gildi fellt.

Ákærvaldið krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, er nú til meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur ákæra á hendur ákærða og 17 öðrum mönnum. Er ákærða þar gefið að sök að hafa á árunum 1992 og 1993 staðið að innflutningi á miklu magni fíkniefna hingað til lands og sölu þeirra, þannig að varði við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974. Með hliðsjón af þessu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. mars 1994.**

Ár 1994, þriðjudaginn 15. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi:

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Ólafur Gunnarsson, kt. 200455-3049, með lögheimili að Suðurhólum 24 í Reykjavík, en dvalarstað að Flétturima 11 í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt þar til dómur fellur í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til 15. júní nk.

Ákæra í máli hans hefur verið gefin út og hefur efni hennar verið kynnt kærða. Hún mun verða þingfest síðar.

Kærða er gefið að sök að hafa brotið gegn 173. gr. a alm. hgl. nr. 19/1940,

sbr. lög nr. 64/1974, sbr. og 20. gr. alm. hgl., að því er varðar tilraun ákærða, Ólafs Gunnarssonar, til innflutnings á amfetamíni.

Kærða er gefið að sök að hafa á tímabilinu frá 1992 og fram til loka júlí 1993, í félagi við aðra, staðið að innflutningi á miklu magni fíkniefna hingað til lands og sölu þeirra hér á landi, verið frumkvöðull og aðalskipuleggjandi brotanna og jafnframt útvegað og lagt til megnið af því fé er þurfti í þessu sambandi.

Kærði hefur játað að hafa átt nokkra aðild að þeim brotum, sem hann er ákærður fyrir.

Brot þau, sem kærði er ákærður fyrir, geta varðað allt að 10 ára fangelsi skv. 173. gr. a alm. hgl.

Í dómi Hæstaréttar frá 9. desember 1993 var gæsluvarðhald yfir kærða framlengt með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 91/1991. Hefur það síðan verið framlengt með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 með dómi Hæstaréttar, dags. 2. febrúar sl. Verjandi kærða hefur vísað til dómsniðurstöðu Hæstaréttar frá 2. febrúar sl. þar sem hann álitur að komi fram skýr vísibending frá dóminum um að kærði skuli látinn laus úr gæsluvarðhaldi eigi síðar en 15. mars 1994 kl. 16.00. Ekki verður fallist á þá skýringu verjanda kærða að dómsniðurstaða um gæsluvarðhaldskröfu, sem gerð var þann 27. janúar sl., bindi hendur dómara um úrlausn nýrrar kröfu um framlengingu gæsluvarðhalds.

Með vísan til framanritaðs og með skírskotun til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ber að taka til greina kröfu ríkissaksóknara um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærða. Þegar litið er til umfangs málsins eins og það liggur fyrir dóminum samkvæmt ákæru, þykir rétt að taka kröfu ríkissaksóknara til greina eins og hún er fram sett.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ólafur Gunnarsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi þar til dómur fellur í máli hans í héraði, þó ekki lengur en til 15. júní nk. kl. 16.00.

---